Ísland í brennidepli í Frakklandi

Íslandskynningunni, sem staðið hefur í Frakklandi undanfarnar tvær vikur, lauk þann 10. október sl. Lokaatriði Íslandskynningarinnar voru tónleikar Kammersveitar Reykjavíkur í Mogador-tónlistarhöllinni í París.

Menningarkynningin hófst með opnun vísindasýningar í vísindasafninu í Palais de la Découverte þann 27. september sl. þar sem áhersla var lögð á jarðhitafræði, eldfjallafræði, nýtingu vatnsorku, vetni og erfðafræði en Íslendingar standa framarlega í rannsóknum á þessum sviðum. Síðan hefur hver viðburðurinn rekið annan í listum og málþingum. Markmiðið með Íslandskynningunni var að kynna Frökkum íslenska menningu og vísindi og auðvelda aðgengi íslenskra fyrirtækja að þessu fimmta stærsta hagkerfi heimsins.

Á annað hundrað íslenskra listamanna komu fram af þessu tilefni, rithöfundar, tónlistarmenn, myndlistarmenn, ljósmyndarar, leikhúsmenn og söngvarar. Fræðimenn, bæði íslenskir og franskir, fluttu fyrirlestra og munu fleiri málþing fylgja í kjölfarið. Gefnar voru út tvær bækur í tilefni kynningarinnar, kynnt voru verk yfir 20 íslenskra tónskálda og efnt var til íslenskrar kvikmyndaviku. Íslenskur matreiðslumaður stóð fyrir námskeiði í íslenskri matargerð. Aðsókn að tónleikum og sýningum var undantekningarlaust mjög mikil og þurftu áhorfendur iðulega frá að hverfa. Sló vísindasýningin m.a. öll aðsóknarmet helgina eftir opnun hennar.

Ísland er kynnt á áberandi hátt út um alla París með auglýsingum í neðanjarðarlestum og á götum úti. Mikið hefur verið fjallað um Ísland og einstaka listviðburði í blöðum, sjónvarpi og útvarpi.

Útgáfa OECD ritsins Education at a Glance

OECD hefur gefið út ritið *Education at a Glance, OECD Indicators 2004*. Í ritinu má finna margvíslegar upplýsingar um menntun í hinum 30 aðildarríkjum stofnunarinnar auk um 20 annarra ríkja og eru tölurnar að mestu frá skólaárinu 2001/2002. Í ritinu segir að menntun gegni vaxandi hlutverki í velgengni einstaklinga og þjóða.
Útgjöld Íslendinga til menntamála námu 6,7% af vergri landsframleiðslu (VLF) árið 2001. Ísland er í 4. sæti OECD ríkja, en meðaltal þeirra er 5,6%. Ísland ver mestum fjármunum allra OECD ríkja til grunnskóla og framhaldsskólastigsins, eða 5,2% af VLF en aðeins 0,9% fer til háskólastigsins.
Í ritinu er skoðuð staða ungs fólks á aldrinum 20-24 ára sem ekki hefur lokið framhaldsskólastigi og ekki stundar nám. Litið er svo á að þessi hópur eigi það á hættu að sitja eftir í þjóðfélagi nútímans sem krefst menntaðs vinnuafls. Á Íslandi tilheyra tæplega 30% 20-24 ára fólks þessum hópi en meðaltal OECD landa er 19%.

Hlutfall kvenna sem útskrifast úr háskólanámi hvergi hærra en á Íslandi
Nemendum á háskólastigi hefur fjölgað undanfarið á Íslandi eins og í flestum OECD löndum. Þá útskrifast hlutfallslega margir úr háskólanámi á Íslandi. Útskriftarhlutfall með fyrstu háskólagráðu úr fræðilegu háskólanámi á Íslandi er 41% en meðaltal OECD er 32%. Að auki er útskriftarhlutfall fyrir starfsnám á háskólastigi á Íslandi 6% en 10% að meðaltali í OECD ríkjum. Hvergi í OECD löndunum er hlutfall kvenna sem útskrifast úr fræðilegu háskólanámi hærra sé borið saman við karla en á Íslandi.

Breytt námsskipan til stúdentsprófs

Út er komin skýrslan *Breytt námsskipan til stúdentsprófs – aukin samfella í skólastarfi*. Skýrslan var unnin af starfshópum og verkefnisstjórn sem höfðu m.a. það hlutverk að setja fram tillögu um breytta námsskipan til stúdentsprófs og meta fjárhagsleg áhrif svo og áhrif hennar á starfsfólk skóla.

Eitt af markmiðunum með styttingu námstíma til stúdentsprófs er að gera íslenskum ungmennum kleift að ljúka framhaldsskólanámi á sambærilegum tíma og jafnaldrar þeirra í nágrannaríkjunum án þess að slakað sé á þeim kröfum sem gerðar eru til stúdentsprófsins. Þar með væri starfsævi þeirra jafnframt lengd um eitt ár. Með þeirri breyttu námsskipan sem nú hafa verið lögð drög að er hins vegar ekki einblínt á styttingu námstímans heldur stefnt að því að efla og bæta það starf sem fram fer í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

Jafnframt hefur verið haft að leiðarljósi að ekki megi draga um of úr þeim sveigjanleika sem nú einkennir framhaldsskólanámið. Mikil fjölbreytni er í námsvali á háskólastigi og því mikilvægt að nemendur geti undirbúið sig með ákveðið háskólanám í huga. Þannig verður áfram gert ráð fyrir sömu hlutföllum á milli kjarna, kjörsviðs og vals og er í núverandi kerfi.

Nú ljúka flestir framhaldsskólanemendur stúdentsnámi á fjórum árum þótt meðalnámstíminn sé lengri. Með þeim breytingum sem verið er að boða yrði nemendum auðveldað að ljúka stúdentsnámi á þremur árum og meðalnámstíminn styttist.

Skýrslan er aðgengileg á rafrænu formi á vef menntamálaráðuneytis.

Skipun útvarpsréttarnefndar

Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, hefur skipað nýja útvarpsréttarnefnd með vísan til 2. mgr. 6. gr. útvarpslaga nr. 53/2000, með áorðnum breytingum. Nefndin er skipuð til fjögurra ára frá 1. október sl. og eiga sæti í nefndinni Benedikt Bogason, héraðsdómari og dómstjóri héraðsdóms Vesturlands, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, Ásdís Rafnar, hrl. og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, hrl.

Varamenn eru Jakob R. Möller, hrl., Þorgerður Erlendsdóttir, héraðsdómari og dómstjóri héraðsdóms Austurlands, og Lárentsínus Kristjánsson, hrl., sem jafnframt er varaformaður nefndarinnar.

Umsjón: Steinunn Jónasdóttir · steinunn.jonasdottir@mrn.stjr.is · Ábm. Guðmundur Árnason · menntamalaraduneyti.is · ISSN 1670-0015 · 14.10. 2004